

Ed.

614. Nefndarálit

[70. mál]

um frv. til l. um heimild til handa Kvennaskólanum í Reykjavík til að brautskrá stúdenta.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Menntamálanefnd hefur ekki náð samstöðu um frv. það, sem hér liggur fyrir. Leggur meiri hl. n. gegn frv., en við undirritaðir mælum með því, að það verði samþykkt.

Hlutverk Kvennaskólans í Reykjavík hefur sem kunnugt er verið það að veita undirbúningsmenntun undir störf, sem öðru fremur eru stunduð af konum, svo sem húsmóðurstörf, svo og undir nám í stofnunum, er veita sérmenntun í þeim greinum, svo sem kennaraskóla, hjúkrunarskóla, húsmæðrakennaraskóla, fóstruskóla o. fl. Með vaxandi kröfum, sem stofnanir þessar gera til inntökuskilyrða, er menntun sú, sem Kvennaskólinn veitir nú, orðin ófullnægjandi. Með tilliti til þessa svo og þess, að sú stefna er nú uppi í skólamálaum að stefna að meiri sérhæfingu og nýjum námsleiðum, teljum við það í fullu samræmi við kröfur tímans, að heimild sú, er í frv. felst, verði veitt.

Alþingi, 20. apríl 1970.

Ólafur Björnsson,
fundaskr., frsm.

Páll Þorsteinsson.

Kristján Thorlacius.